

Eiríkur Rögnvaldsson

## Kynjuð íslenska

Orðið *kyn* er margrætt. Það getur vísað til líffræðilegs kyns sem ákvarðast af líkamlegum kyn-einkennum og kynlitningum, en einnig til kynvitundar, þ.e. upplifunar fólks á eigin kyni. En það vísar líka til **málfræðilegs kyns** sem í íslensku kemur annars vegar fram í formi og beygingu nafnorða og hins vegar í beygingu lýsingarorða sem eiga við þau og fornöfnum sem notuð eru til að vísa til þeirra, svo og í mörgum töluorðum. Vegna þess hve málfræðilegt kyn er áberandi í málinu er oft sagt að íslenska sé mjög **kynjað tungumál**.

### Kynjahalli íslenskunnar

Þótt málfræðilegu kynin séu þrjú fer því fjarri að þau séu jafnvæg – í íslensku er mikill **kynjahalli**. Íslenska er **karllægt tungumál** og það kemur fram í því að málfræðilegt karlkyn er yfirgnæfandi að ýmsu leyti – mjög oft notað í almennri merkingu, án þess að það vísi til karla sérstaklega. Þessi karllægni tungumálsins kemur einkum fram á þrennan hátt.

Eitt er að þegar vísað er til óskilgreinds hóps er notað karlkyn og sagt t.d. *Enginn má yfirgefa húsið* og *Allir tapa á verðbólgunni*. Þarna eru notaðar karlkynsmyndirnar *enginn* og *allir* þótt ekki sé verið að vísa eingöngu til karlmanna. Fyrir þessu eru sögulegar ástæður. Í indóevrópska frummálinu sem íslenska er komin af voru tvö kyn – annað var notað um lífverur en hitt um dauða hluti. Hið fyrrnefnda mætti svo sem kalla samkyn en það er sögulega séð fyrirrennari karlkyns, í þeim skilningi að karlkynsbeygingu má hljóðsögulega rekja til þess.

Kvenkyn þróaðist síðan úr hvorugkyninu, en þótt kvenkyn væri komið til fékk það ekki jafnstöðu við karlkynið. Hið gamla samkyn, sem nú var orðið karlkyn af því að kvenkyn var komið til, hélt ýmsum samkynshlutverkum sínum, t.d. því að geta vísað til blandaðs hóps en ekki bara karla. Þess vegna er enn sagt *Allir eru velkomnir* og frá málfræðilegu sjónarmiði er ekkert athugavert við það, þótt verið sé að vísa bæði til karla og kvenna – þetta byggist á langri hefð sem við höfum flest tileinkað okkur á máltökuskeiði.

Annað er tvíeðli orðsins *maður*. Það er notað í almennri vísun, bæði sem tegundarheiti (*maðurinn er spendýr*) og um óskilgreindan hóp (*menn hafa áhyggjur af stöðunni*), en einnig sem eins konar óákveðið fornafn (*manni getur nú sárnað*). En þar fyrir utan er það vitanlega mjög oft notað sem andstæða við *kona*, þ.e. í merkingunni ‘karlmaður’ (*menn og konur, maðurinn minn* o.fl.). Þótt orðið hafi vissulega haft þessar mismunandi merkingar frá fornu fari hefur það alla tíð tengst karlmönnum mjög nánnum böndum. Það má m.a. marka af því að í þau ótal skipti sem persóna er kynnt til sögu í fornum textum með *maður hét X* eða *maður er nefndur X* er ævinlega um karlmann að ræða – konur eru kynntar með *kona hét X* eða *kona er nefnd X*. Í þessu ljósi ætti ekki að þurfa að koma á óvart að margar konur og kynsegin fólk tengi sig ekki við þetta orð eða samsetningar af því, finnst það ekki eiga við sig.

Það eru líka ýmis dæmi um starfsheiti þar sem orð sem endar á *-maður* er notað um karlmenn en orð sem endar á *-kona* um konur. Í bændasamfélaginu var skýr munur á *vinnuönnum* og *vinnukonum*, *kaupamönnum* og *kaupakonum*. Þegar farið var að stofna verkalýðsfélög voru karlarnir í *verkamannafélögum*, konurnar í *verkakvennafélögum*. En vitanlega er líka fjöldi starfsheita sem enda á *-maður* notaður um bæði karla og konur. Oft stafar það af því að framan af gegndu einungis karlmenn þessum störfum – voru *alþingismenn*, *iðnaðarmenn*, *stýrimenn*, *flugmenn* og svo mætti lengi telja. Þegar konur fóru að sinna þessum störfum var starfsheitið

orðið fast í málinu og breyttist ekki – öfugt við það sem gerðist þegar karlar fóru að sinna hefðbundnum kvennastörfum.

Þriðja atriðið er að mikill meirihluti starfsheita í málinu er karlkyns, og þegar vísað er til þeirra með fornafni er því notað karlkynsfornafn. Mörg þeirra hafa *-maður* sem seinni lið eins og áður var nefnt, svo sem *vísindamaður, námsmaður, verslunarmaður, stýrimaður, formaður* og fjölmörg fleiri. En ýmis önnur karlkynsorð eru líka seinni liður í mörgum starfsheitum, svo sem *-stjóri* í *forstjóri, bílstjóri*; *-herra* í *ráðherra, skipherra*; *-þjónn* í *lögregluþjónn, barþjónn*; o.m.fl. Mörg starfsheiti eru einnig mynduð með karlkynsviðskeytum, svo sem *-ingur* og *-ari* – *tölvunarfræðingur, heimspekingur; kennari, ljósmyndari*. Svo mætti lengi telja.

Þótt þessi starfsheiti séu málfræðilega karlkyns eru þeim ætlað að vera kynhlutlaus, í þeirri merkingu að þau eru eða hafa verið notuð um öll kyn. Sumum þykir þó ekki heppilegt eða viðeigandi að nota þau um konur og því að hafa verið búin til starfsheiti með *-kona* til að svara til ýmissa starfsheita með *-maður*, svo sem *vísindakona, verslunarkona, lögreglukona* og fleiri, en varla *stýrikona, iðnaðarkona, forkona*. Eins hefur eitthvað borið á því að notaðar séu kvenkynsmyndir af öðrum karlkynsorðum í starfsheitum, svo sem *framkvæmdastýra, verslunarstýra, hótélstýra, þula* o.fl.

## Andóf gegn karllægni málsins

Umræður um karllægni íslenskunnar, og tilraunir til að vinna gegn henni, hófust að marki innan Kvennakirkjunnar fyrir u.þ.b. aldarfjórðungi. Þar var talað um „mál beggja kynja“ og leitast við að vinna gegn kynjahallanum með því m.a. að umrita texta Biblíunnar – setja t.d. „Sæl eru hjartahrein“ í stað „Sælir eru hjartahreinir“. Þetta varð mikið þrætuepli í nýrri þýðingu Biblíunnar sem kom út 2007 og sumir málfræðingar gagnrýndu harðlega breytingar í þessa átt sem gerðar voru í þýðingunni. Guðrún Þórhallsdóttir er sá málfræðingur sem langmest hefur skrifað um þessi mál frá fræðilegu sjónarmiði, en á síðustu árum hafa einnig verið skrifaðar allnokkrar háskólaritgerðir um efnið.

Á undanförunum 10-15 árum hefur orðið hægfara þróun í þá átt að draga úr kynjahalla í tungumálinu, en hraðinn virðist hafa aukist á síðustu tveimur árum eða svo. Nú er orðið algengt að auglýst sé *Öll velkomin* og í auglýsingu háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytisins eftir starfsfólki nýlega voru „öll áhugasöm“ hvött til að sækja. Ríkisútvarpið hefur undanfarin ár valið *manneskju ársins* en ekki *mann ársins* eins og áður. Tilraunir hafa verið gerðar með að nota hvorugkynsorðið *man* og samsetningar af því í stað *maður*, og einnig er orðið *fólk* og samsetningar af því oft notað í stað *menn*. Sumar konur eru farnar að nota orðið *kona* í stað *maður* sem óákveðið fornafn – *konu getur nú sárnað*. Ýmislegt fleira mætti nefna.

Þessi þróun hefur stundum verið gagnrýnd harkalega og talin spilla málinu. Einkum er þar amast við notkun hvorugkyns í stað karlkyns í Ríkisútvarpinu, t.d. *fjögur eru slösuð* í stað *fjórir eru slasaðir*, notkun samsetninga með *-fólk* eins og *lögreglufólk* og *björgunarfólk* í stað *lögreglumenn* og *björgunarmenn*, o.s.frv. Talað hefur verið um þetta sem „geldingu“ málsins og sagt að með þessu sé Ríkisútvarpið að stinga útuprjónum í eyru hlustenda. Af umræðunni mætti oft ætla að um væri að ræða tvö andstæð sjónarmið – þeirra sem telji engan kynjahalla í málinu og hinna sem telji nauðsynlegt að gerbylta málkerfinu. En í raun og veru er þetta miklu flóknara og í fljótu bragði sýnist mér mega greina a.m.k. fimm mismunandi sjónarmið um þetta mál.

- Það er enginn kynjahalli í tungumálinu – það gerir ekki upp á milli karla og kvenna á nokkurn hátt. Allt tal um slíkt er misskilningur á eðli tungumálsins, sprottinn af misskildum kvenréttindahugmyndum.
- Það er kynjahalli í málinu í þeim skilningi að karlkyn er notað sem hlutlaust kyn, meginhluti starfsheita er karlkyns, og nafnorðið *maður* er notað í merkingunni ‘karlmaður’ auk þess að vera tegundarheiti. En þessi kynjahalli er eingöngu málfræðilegur og á sér sögulegar skýringar.
- Það er kynjahalli í málinu og hann er ekki eingöngu málfræðilegs eðlis. Í huga margra tengjast karlkyns starfsheiti, orðið *-maður* og samsetningar af því, og karlkynsform óákveðinna fornafna og lýsingarorða frekar karlmönnum. Þetta er þyrnir í augum sumra en við því er ekkert að gera.
- Það er kynjahalli í málinu og það er hægt og mikilvægt að bregðast við því innan ramma málkerfisins, t.d. með því að segja *Verið öll velkomin í stað Allir velkomnir*, nota *fólk* og tiltækar samsetningar af því frekar en *menn*, segja *norska konan Gro* frekar en *Norðmaðurinn Gro*, o.s.frv.
- Það er kynjahalli í málinu og nauðsynlegt að bregðast við því, þótt það kosti breytingar á málkerfinu, málfræðilegt ósamræmi, óhefðbundna orðanotkun og smíði nýrra kynhlutlausra orða, t.d. þannig að sagt sé *eitt var handtekið, mörg vita þetta, lækarnir eru þreytt, forstöðuman* o.s.frv.

Þau sem aðhyllast tvö síðastnefndu sjónarmiðin leitast við að breyta máli sínu og það eru því þessi sjónarmið sem einkum valda ólgu í umræðunni.

## Umfaðmandi íslenska

Þau sem leggjast gegn breytingum í átt til kynhlutleysis benda á það, sem er út af fyrir sig rétt, að fyrir karllægni tungumálsins séu málfræðilegar og sögulegar ástæður sem hafi ekkert með viðhorf til karla og kvenna að gera. Þess vegna sé ástæðulaust og misskilningur að gera breytingar á málinu af jafnréttisástæðum. En málfræðin stjórnar ekki upplifun fólks og það er ljóst að margt fólk, einkum konur og kynsegin fólk, upplifir **karllægni tungumálsins** sem **karllægni í viðhorfum**. Þar er ekki um að ræða einhverja misskilda jafnréttisbaráttu eða „mál sértrúarhóps á villigötum“ eins og stundum er haldið fram heldur sanna og einlæga tilfinningu sem verður að taka alvarlega og sýna skilning en ekki vísa umsvifalaust á bug.

Það er hins vegar ekki einfalt að breyta málnotkun sinni hvað þetta varðar – bæði af því að það er erfitt að breyta málnotkun sinni almennt séð, en ekki síst vegna þess að íslenskan er svo gegnsýrð af málfræðilegu kyni og notkun karlkyns sem hlutlauss kyns er inngróin í okkur. Það er hluti af málkerfi okkar flestra og við breytum því ekki svo glatt. Þegar fólk reynir að breyta málnotkun sinni að þessu leyti er því hætt á að ýmiss konar ósamræmi og óvissa komi upp. En þótt ekki sé auðvelt að breyta tungumálinu getur það breyst. Líklegt er að íslenskan muni breytast nokkuð hratt í átt til kynhlutleysis á næstu árum í samræmi við breytt viðhorf.

En þótt það sé eðlilegt að íslenskan komi til móts við breyttar hugmyndir að þessu leyti má það ekki gerast að fólk verði flokkað eftir málnotkun hvað þetta varðar og annað hvort tilbrigðið verði talið villa eða óviðeigandi málnotkun. Aðalatriðið í þessu er umburðarlyndi og virðing fyrir öðru fólki og málnotkun þess. Þau sem vilja hafna karlkyni sem hlutlausu kyni þurfa að hafa í huga að við erum flest alin upp við að karlkynið hafi þetta hlutverk. Þau sem vilja halda

Í karlkynið sem hlutlaust kyn þurfa að sýna því skilning að ýmsum finnst karlkynið eingöngu vísa til karlmanna og þar með vera útilokandi. Málið þolir alveg að mismunandi málvenjur séu í gangi samtímis.